

Fréttatilkygning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 4/2016.

Reykjavík, 12.04.2016

2016040109

Efni: Innköllun á möluðu cumin kryddi frá Indlandi vegna þess að *Salmonella enteritidis* greindist í vörinni.

Matvælastofnun hefur látið matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vita að borist hafi tilkygning í gegnum hraðviðvörðunarkerfi Evrópusambandsins fyrir matvæli og fóður (RASFF) um innköllun á möluðu cumin kryddi frá Indlandi þar sem *Salmonella enteritidis* greindist í vörinni.

Matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur ákveðið að innkalla vöruna frá neytendum. Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

Vöruheiti: Ground cumin – Jeera powder.

Lotunúmer: P353340.

Best fyrir: 31. desember 2017.

Nettóþyngd: 100 g.

Framleiðsluland: Indland.

Dreifing: Verslanir Eir ehf. Bíldshöfða 16 og Laugavegi 116 (Mai Thai), verslun Vietnam Market, Suðurlandsbraut 6.

Viðskiptavinum sem hafa keypt vörurnar í framangreindum verslunum er bent á að neyta þeirra ekki og farga eða skila þeim í viðkomandi verslun.

